

Framsöguræða Össurar Skarphéðinssonar
utanríkisráðherra með skýrslu til Alþingis
um utanríkis- og alþjóðamál

16. maí 2011



Virðulegi forseti,

Síðasta árið hefur verið annasamt hjá utanríkisþjónustunni. Það er ítarlega rakið í þessari næstum hundrað blaðsíðna skýrslu sem hér liggur fyrir. Ástæðan fyrir önnum ráðuneytisins er ekki síst sú, að fyrir utan hefðbundin verkefni hefur það axlað ný, vegna Icesave, samþykktar Alþingis um umsókn að Evrópusambandinu, og vegna nýrra málaflokka einsog norðurslóða, sem nú eru skilgreindar sem forgangsmál.

En ég get líka glatt Alþingismenn með því að við höfum líka beitt okkur sterkar í málefnum einstaklinga en áður, ekki síst fyrir atbeina hv. þm. sem ég vil þakka fyrir að halda mér við efnið. Þar má nefna til dæmis kínverska andófsmenn og tvímenninganna í Malaví, sem dæmdir voru til 14 ára fangelsis vegna kynhneigðar sinnar – en sleppt vegna mótmæla sem brutust út alþjóðlega og Íslendingar tóku undir. Ég vil líka þakka óbreyttum borgurum fyrir að hafa haldið mér á tánum vegna írönsku konunnar Ashtiani, en í orðastað þeirra tók ég dauðadóm yfir henni upp á Allsherjarþinginu, og bauð síðar í viðræðum við Íran að veita hæli hér á landi.

Hæstvirtur forseti,

Ég hef kostað kapps um að hrinda kerfisbundið í framkvæmd þeim áherslum sem ríkisstjórn kynnti í maí 2009.

Í fyrsta lagi vil ég leggja áherslu á hraða framvindu í málefnum norðurslóða og þar vil ég líka þakka Alþingi sérstaklega góða samvinnu.

Norðurskautsráðið, sem nú er loksins fullorðið, hélt sögulegan fund í Nuuk í síðustu viku. Þar náðust, frá íslenskum sjónarhóli, þrír mikilvægir áfangar. Í fyrsta lagi var staðfestur fyrsti lagalega bindandi samningurinn um leit og björgun á norðurslóðum. Hann er okkur Íslendingum sérlega mikilvægur, ekki aðeins vegna siglinga um Pólinn sem hefjast fyrr en margir ætla, heldur gæti hann orðið viðspyrna til að koma hér upp miðstöð á sviði björgunar. Í öðru lagi var samþykkt að nota þennan samning sem fordæmi, til dæmis um samning um varnir gegn olúslysum. Í þriðja lagi undirstrikuðu svo ríkin 8 að Hafréttarsáttmálinn verði notaður til að leysa úr ágreiningsefnum sem upp kunna að koma. Það eyðir lagalegu tómarúmi um lausn deilna, til dæmis um mörk á hafsbotni, þar með auðlindir, og dregur því úr líkum á því að spenna byggist upp í Norðurhöfum. Allir þessir þættir ríma við stefnuna sem Alþingi samþykkti.

Alþingi og ríkisstjórn voru líka sammála um að treysta þá akademísku kjarna sem hér á landi sinna rannsóknum á norðurslóðum. Og vegna þess að ég sé hérna í galleríinu sendiherra Norðmanna get ég greint frá því að sá mikilvægi áfangi hefur náðst að við eigum nú í formlegum viðræðum við frændur okkar Norðmenn um kröftugt samstarf með Akureyri í brennidepli, sem óhikað má telja að verði þessu vaxandi fræðasviði mikilvæg lyftistöng. Ég og utanríkisráðherra Noregs,

Íslandsvinurinn Jónas Gahr Støre, stefnum að því að festa þetta í samning þegar hann heimsækir okkur síðar á árinu.

Í mínum huga er stefna okkar um norðurslóðir nátengd loftslagsstefnunni. Þar þurfum við Íslendingar að taka enn sterkari forystu, ekki síst í ljósi upplýsinga um verulega súrnun hafsins norður um Ísland, sem ég ræddi á Nuuk-fundinum. Þar komu líka fram nýjar, válegar upplýsingar um vaxandi kvikasilfursmengun í norðurhöfum, og sömuleiðis um hækkun á yfirborði sjávar um 0,9 til 1,6 metra fyrir lok aldarinnar. Þarna verðum við Íslendingar að veita fastari viðspyrnu.

Loftslagsstefnan verður að vera lykilþáttur í utanríkisstefnu okkar Íslendinga.

Ég vil líka nefna annað mál, sem einnig tengist norðurslóðum og loftslagsstefnunni, hefur stöðug áhersla verið á að efla samstarfið við næstu granna okkar, Færeyjar og Grænland. Undir forystu fyrrv. heilbrrh. var lokið nýju, stórmerkilegu samkomulagi um aukna þjónustu við Færeyjar á sviði heilbrigðismála. Mest nýmæli er þó í viðræðum sem nú eru framundan um samstarf Grænlands, Íslands og Færeyja tel ég þó vera um samstarf í orkumálum.

Grænlandingar eiga miklar auðlindir á sviði fallvatna, meðal annars á austurströndinni, þar sem einungis lítill hluti þjóðarinnar býr. Orka, sem væri virkjuð á austurströnd Grænlands, flutt um sæstreng til Íslands og áfram til Evrópu, gæti í senn búið til miklar tekjur sem styrktu verulega innviði grænlenka samfélagsins, útvegað Færeyingum alla þá endurnýjanlegu orku sem þeir þurfa, og

skapað um leið mun hagkvæmari grundvöll en ella fyrir sæstreng milli Íslands og Evrópu. Þá er vitaskuld ótalinn ávinningurinn fyrir loftslag heimsins.

Ég hef rætt orkuþríhyrninginn Grænland, Ísland og Færeyjar við Kuupik Kleist og Kai Leo Johannesen, forsætisráðherra þessara tveggja þjóða. Frá því er skemmst að segja, að á þessu frumkvæði Íslands er mikill áhugi. Það gildir jafnt um fyrirtæki heima, stór og smá, og erlendis, sem og stjórnvöld landanna þriggja.

Í þriðja lagi hefur í fyrsta sinn verið lögð fram tillaga til þingsályktunar um þróunarsamvinnu, þar sem meginmarkmiðið er að ná áformum Sameinuðu Þjóðanna um að veita 0,7 % af vergri þjóðarframleiðslu til þróunarmála árið 2021. Ég vil sérstaklega þakka jákvæðar undirtektir formanna stjórnarandstöðuflokkanna við þessari tillögu.

Við Íslendingar verðum að muna að þrátt fyrir allan armóðinn erum við enn meðal ríkustu þjóða heims. Við höfum skyldu til að taka fullan þátt í því alþjóðlega verkefni að draga úr hungri, fátækt og barnadauða, hjálpa hinum fátækustu til að hjálpa sér sjálfum, og stuðla að sjálfbærri þróun, ekki síst í sjávarútvegi og endurnýjanlegri orku.

Fjórða málið sem ég vil nefna, og er líka nýmæli, er undirbúningur að nýrri þjóðaröryggisstefnu.

Ég er sannfærður um að líka í þessum málaflokki getur Alþingi náð breiðri sátt um gildi og grundvallaráherslur nýrrar þjóðaröryggisstefnu.

Virðulegi forseti,

Alþingi samþykkti með stuðningi þingmanna úr öllum flokkum að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Í öllum ríkjum sem hafa sótt um aðild hefur verið deilt um hvort hún sé jákvæð eða neikvæð. En enginn deilir lengur um þá staðreynd, að aðild varð öllum þessum ríkjum til farsældar og hagsbóta. Engin aðildarþjóðanna vill ganga úr sambandinu. Segir það ekki sögu sem við Íslendingar þurfum að hlusta á?

Það deilir heldur enginn um, að mikill meirihluti Íslendinga vill halda ferlinu áfram og fá að kjósa um samning. Landsmenn vildu sjálfir ráða niðurstöðunni í Icesave og Íslendingar vilja sjálfir fá að kjósa hvort þeir standa utan ESB eða innan þegar samningurinn liggur fyrir. Íslendingar eru lýðræðissinnar, og þannig þjónum við lýðræðinu best – með því að leggja alla kosti á borðið, leggja samninginn fyrir þjóðina, og leyfa henni sjálfri að ráða.

Málefnalegar skoðanir annarra eru fyllilega lögmætar og þær verða örugglega fram bornar af krafti í þessari umræðu. En mínar skoðanir byggja ég á eftirfarandi:

Íslendingum hefur alltaf vegnað best í nánú samstarfi við Evrópuþjóðir. Hvert skref, sem við höfum tekið til nánara samstarfs hefur fært okkur bætt líf skjör.

Aðildin að EFTA á sínum tíma skipti sköpum fyrir þjóðina. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið lagði grunn að nýrri velsæld. Nákvæmlega núna erum

við að byggja upp til framtíðar, og allir eru sammála um að við þurfum auknar fjárfestingar til að skapa atvinnu, skapa störf, útrýma atvinnuleysi.

Evrópuleiðin er því valkostur, sem Íslendingar eiga að fá að velja, eða hafna.

Hverjar hafa afleiðingarnar orðið fyrir atvinnulíf og fjárfestingar smáþjóðanna, sem síðast gengu inn í ESB; fyrir Eistland, Lettland, Litháen, Slóveníu, Möltu,

Slóvakíu? Jú, í kjölfar aðildar jukust fjárfestingar verulega og tvöfölduðust

sumstaðar. Hvaðan komu þær? Fyrst og fremst úr öðrum ESB-ríkjum. Við

Íslendingar þurfum á samskonar fjárfestingum að halda frá ríkjum

Evrópusambandsins til að útrýma atvinnuleysi á Íslandi sem fyrst.

Virðulegi forseti,

Krónan hefur vissulega dugað sem vopn til að komast úr þeirri kreppu sem hún

steypti okkur í, en sjálfstæð örmynt í opnu fjármálakerfi heimsins verður alltaf

veikur stafur að styðjast við. Þessvegna á þjóðin að fá að kjósa um það hvort hún

vill aðild að Evrópusambandinu, taka upp evru, evrópuvexti, létta okkur leiðina frá

verðtryggingunni, og kasta gjaldeyrishöftum.

Í þessu efni vill svo skemmtilega til að er ég algerlega sammála

Framsóknarflokknum. Ég tek heils hugar undir með því sem segir orðrétt í nýlegri

landsfundarályktun flokksins, með leyfi forseta, að: "... þjóðin skuli ætíð eiga beina

aðkomu með þjóðaratkvæðagreiðslu um stórmál einsog aðild að

Evrópusambandinu...” Hv. þingmenn Framsóknar vita því hvar þeir eiga vinum að mæta þegar þeir herklæðast til að framfylgja fyrirmælum landsfundarins sem sagði líka orðrétt í sömu ályktun að Framsóknarflokkurinn muni, með leyfi forseta:

“...berjast fyrir þeim rétti.”

Framsóknarmenn vita að þeir eiga vopnabróður í utanríkisráðherra þegar þeir fara að framfylgja þessari ályktun.

Frú forseti,

Menn tala um að fullveldi tapist við aðild. Herra trúr! Hvert er okkar fullveldi, þegar við þurfum í viku hverri að aðlaga okkur að ESB vegna sammingsins um evrópska efnahagssvæðið með nýjum reglum, nýjum tilskipunum, nýjum þingsályktunum, nýjum lögum, þar sem íslenskir þingmenn, íslenskir ráðherrar, íslenskur almenningur, getur ekki breytt einum einasta stafkrók? Er það fullveldið sem við viljum? Það er amk. fullveldið sem Heimssýn berst fyrir, enda greiðir hér formaður hennar atkvæði mánuð eftir mánuð, viku eftir viku, með aðlögun að ESB án þess að hafa nokkra möguleika á að breyta einu orði. Það er reyndar eina aðlögunin sem er í gangi. Það er oft erfitt að vera samkvæmur sjálfum sér í stjórnámálum einsog örlög hv. þm. Ásmundar Einars Daðasonar í þessu máli hafa sýnt okkur.

Hverjir eru okkar bestu bandamenn í umsóknarferlinu? Það eru smáríkin. Kvarta þau undan því að hafa tæpað fullveldi? Nei, þau telja sitt fullveldi hafa eflst. Við erum ekkert öðru vísi en þau. Reynslan sem við Íslendingar fundum vel í Icesave, er að smáríkin verja hagsmuni hvers annars með kjafti og klóm. Þessvegna er fullveldi okkar betur tryggt í samstarfi innan sambandsins en utan.

Virðulegi forseti,

Í skýrslunni sem ég hef lagt hér fyrir er stöðu umsóknarferlisins lýst mjög ítarlega. Ég hef á öllum stigum gætt þess að málflutningur Íslendinga sé í fullu samræmi við ítarlegan vegvísi Alþingis, og þar með hagsmuni Íslendinga. Hvert skref hefur verið kynnt og útskýrt fyrir utanríkismálanefnd, eða starfshópi hennar um Evrópumál, þar sem stjórnarandstaðan er í meirihluta. Fagnefndir þingsins, og þingflokkar, fá sömuleiðis yfirferðir um einstaka málaflokka um leið og þess er óskað. Öll gögn eru jafnóðum lögð út á Netið. Ferlið hefur því verið algjörlega gagnsætt.

Rýnivinnunni, samanburði á löggjöf Íslands og ESB, er nú að ljúka. Hún hefur þegar skilað mikilvægum niðurstöðum, sem árvökulir og sívinnandi hv. þm. hafa ugglaustr lesið á Netinu nú þegar. Sumar eru ansi athyglisverðar:

Formaður Heimsýnar hélt því til dæmis fram lengi vel að aðild krefðist sex nýrra stofnana á sviði byggðamála og landbúnaðar. Gott ef ekki áttu að starfa þar þúsundir landsmanna. Nú liggur h.v. fyrir í rýniskýrslu, sem fulltrúar

landbúnaðarins áttu m.a. þátt í, að Íslendingar þurfa ekki að setja upp neina nýja stofnun. Enga, ef þeir ekki kjósa sjálfir.

Annar hv. þm., með miklu merkilegra doktorspróf en mitt, lýsti því margsinnis yfir að það gæti tekið allt að 35 ár fyrir Íslendinga að taka upp evruna vegna ákvæða Maastricht-samningsins um skuldir ríkisins. Líklega hefði sá ágæti maður þurft annað doktorspróf. Nú liggur það nefnilega fyrir í mati bestu sérfræðinga okkar að skuldastaða íslenska ríkisins er víðs fjarri því að verða Þrándur í Götu Íslands að evrunni. Íslendingar gætu með rétttri heimavinnu tekið upp evruna 3 árum eftir samþykkt aðildar í þjóðaratkvæði.

En frú forseti,

Rýnivinnan hefur líka leitt í ljós erfiða þætti. Það mun kosta mikinn tíma, og mikla peninga, að breyta ýmsum kerfum stjórnsýslunnar, einsog t.d í tolla- og skráningarmálum. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær, að við, einsog aðrar umsóknarþjóðir, eigum samkvæmt opinberum reglum sambandsins kost á að það taki umtalsverðan þátt í þeim kostnaði, einsog er fullkomlega eðlilegt. Ef sambandið telur nauðsynlegt að Íslendingar breyti einhverju í stjórnsýslunni eftir að þjóðin hefur samþykkt aðild, er bæði rökrétt og sanngjarnt að það beri meginkostnaðinn af slíkum breytingum. Íslendingar njóta þar einfaldlega sama réttar og sömu skyldna og aðrar umsóknarþjóðir.

Virðulegi forseti,

Örfá orð um Líbíu. Ég studdi aðgerðir í krafti ályktunar Öryggisráðsins til að vernda íbúa Líbíu gegn blóðsveitum Gaddafís og til að stuðla að frjálsum kosningum – sem ég styð um alla Norður-Afríku. Það sama gerðu talsmenn allra flokka á Alþingi, ekki einu sinni, heldur tvisvar. Á því augnabliki stóð heimurinn frammi fyrir þeirri staðreynd að harðstjórinn Gaddafí hafði tygjað sig til blóðfarar gegn íbúum Benghazi. Um það vitnuðu yfirlýsingar hans í beinni útsendingu um að eira engum og sýna íbúum Benghazi enga miskunn. Ban-Ki-Moon, aðalritari Sameinuðu Þjóðanna, sagði í mín eyru á fundi í Lundúnum að aðgerðirnar hefðu bjargað þúsundum mannlífa.

Ég hef hins vegar verið gagnrýndur fyrir að hafa ekki beitt neitunarvaldi Íslands þegar Atlantshafsbandalagið tók að sér að samræma aðgerðir í orðastað annarra þjóða, ekki síst nánustu frændþjóða okkar. Áður en að því kom sagði ég beinlínis Alþingi frá afstöðu minni úr þessum stóli og ráðuneytið átti samráð við utanríkismálanefnd. Forsíður heimsmiðlanna voru í heila fimm daga fullar af fregnum af því að Atlantshafsbandalagið væri að ræða aðkomu sína að aðgerðum í Líbíu. *Puntum saliens* er að ákvörðunin hafði aðdraganda, afstaða mín lá fyrir, og enginn þingmanna gerði við hana athugasemd.

Það sem mestu skiptir er þó þetta: Þegar einstök ríki hófu aðgerðir sínar áður en bandalagið tók við samræmingarhlutverkinu kom skýrt fram, að sum þeirra túlkuðu

ályktun Öryggisráðsins með þeim hætti að hvaðeina væri heimilt til að draga burst úr nefi Gaddafís. Sum herveldin reifuðu opinberlega að senda herlið til Líbíu; senda vopn til uppreisnaraflanna; eða “taka Gaddafí út” svo notuð séu orð eins hv. þm. Atlantshafsbandalagið hafnaði þessu öllu, og túlkaði ályktun 1973 með hófstílltari hætti en nokkur hervelda Evrópu. Bandalagið hefur því fremur verið hemill á stigmögnun átakanna. Mín skoðun er því sú, að miski óbreyttra borgara hefði orðið meiri án samræmingar bandalagsins, ef þessar þjóðir hefðu fengið að túlka ályktun Öryggisráðsins að eigin höfði.

Íslensk stjórnvöld telja hins vegar að ályktun Öryggisráðsins veiti ekki heimild til að ráða tiltekna menn af dögum. Slíka menn, einsog Gaddafí, á að sækja til saka fyrir alþjóðlegum dómstóli, og þessvegna flutti Ísland með öðrum þjóðum tillögu um þá rannsókn sem leiddi til ákærunnar sem birt var á hendur honum, syni hans og yfirmanni leyniþjónustunnar í morgun.

Virðulegi forseti,

Palestínუმენн hafa á allra síðustu dögum brotist út úr læstri stöðu með eftirtektarverðum hætti. Fatah og Hamas ákváðu þá að snúa bökum saman, og styðja sameiginlega nýja ríkisstjórn. Sem við ræðum hér utanríkismálin á Alþingi er hafinn fundur í dag í Kairó, þar sem verið er að mynda nýja ríkisstjórn, sem á næstu vikum mun væntanlega lýsa stuðningi við tveggja ríkja lausnina, andstöðu

við allt ofbeldi, og síðan vinna að stuðningi við sjálfstæði Palestínu á grundvelli landamæranna frá 1967. Við höfum verið í sambandi við Palestínumenn eftir þessi sögulegu kaflaskipti, og þegar ég ræddi á laugardag við Riyad Al-Malki, utanríkisráðherra Palestínu, þá var hann meira að segja bjartsýnn á að nýju ríkisstjórninni tækist að hefja sjálfstæða samninga við Ísrael fyrir haustið. Þessi þróun hefur skapað nýja stöðu fyrir Palestínu sem við þurfum að fylgjast náið með. Okkar stefna hefur alltaf verið sú að það sé ótvíræður réttur Palestínumanna að búa í friði í eigin landi, lausir undan hernámi. Ég mun að sjálfsögðu hafa samráð við utanríkismálanefnd um það hvernig Íslendingar geta best stutt við friðarþróun, og réttlætið, gagnvart þessari löngu þrætu, sem í reynd er undirrot átaka og hermdarverka um allan heim, líka í okkar heimshluta.